

# Fundargerð 33. fundar

## stafræns ráðs sveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 18. desember kl. 08:15 kom stafrænt ráð sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Valgerður Björk Pálsdóttir, Jóna Árný Þórðardóttir, Linda Björk Pálsdóttir, Gylfi Ólafsson, Freyr Antonsson, Óskar Sandholt, Ingimar Þór Friðriksson og Sigríður Magnea Björgvinsdóttir.

Almar Guðmundsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Björgvin Sigurðsson og Dagný Edda Þórisdóttir verkefnisstjórar í stafrænni umbreytingu og Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri þróunarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Skipun formanns - Til samþykktar - 2009664SA**

Lagt var til að Valgerður Björk Pálsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Reykjanesbæ, verði formaður stafræna ráðsins.

*Stafrænt ráð samþykkti samhljóða að Valgerður Björk Pálsdóttir verði formaður ráðsins. Valgerður tók í framhaldinu við fundarstjórn.*

**2. Uppfært erindisbréf og fulltrúi stjórnar - Til kynningar - 2009664SA**

Farið var yfir fyrirliggjandi erindisbréf stafræna ráðsins sem var uppfært í samræmi við breytingar hjá Sambandinu. Þá samþykkti stjórn Sambandins á síðasta fundi sínum 13. desember, að Freyr Antonsson, stjórnarmaður verði fulltrúi stjórnar í stafræna ráðinu.

Freyr var boðinn velkominn í hópinn.

*Engar athugasemdir.*

**3. Tilnefndir fulltrúar faghóps inni stafrænt ráð - til kynningar - 2009722SA**

Faghópur um stafræna umbreytingu hefur tilnefnt einn aðila til viðbótar sem áheyrnafulltrúa inni stafrænt ráð. Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar, var tilnefnd af faghópnum til viðbótar við Ingimar Þór Friðriksson, fulltrúa Kópavogsbæjar.

Sigríður Magnea er boðin velkomin í hópinn.

*Engar athugasemdir.*

**4. Fundargerð stafræna ráðs nr. 32 - Til samþykktar - 2009664SA**

Farið var yfir fyrirliggjandi fundargerð stafræna ráðsins frá síðasta fundi.

*Stafrænt ráð samþykkti samhljóða fundargerð nr. 32.*

5. **Fundargerð faghóps dags. 11.12.2024 - Til kynningar - 2009722SA**  
Verkefnastjóri í stafræna teyminu fór yfir fundargerð faghóps og helstu atriði sem þar voru rædd.  
*Engar athugasemdir.*
6. **Starfsáætlun 2025 - Stafræna teymis - Til kynningar - 2411023SA**  
Verkefnastjóri í stafræna teyminu fór yfir starfsáætlun 2025 og góðar umræður voru um fyrirliggjandi verkefni. Þá var rætt um að stefna á ferð erlendis haustið 2025.  
*Engar athugasemdir.*
7. **Samkomulag við Reykjavíkurborg - Samrekstur og þróun á Veitu - Til kynningar - 2411014SA**  
Farið var yfir fyrirliggjandi samkomulag við Reykjavíkurborg um samrekstur og áframhaldandi þróun á umsóknaafgreiðslukerfinu Veitu. Þannig að hægt verði að afgreiða fleiri tegundir af umsóknunum af island.is í gegnum Veitu. Í dag er einungis hægt að taka á móti einni tegund af umsókn til afgreiðslu. Fyrirliggjandi umsóknir eru meðal annars umsókn vegna Gott að eldast og endurhæfingaáætlanna.  
  
Tilkynnt var að Sambandið hefur fengið styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til að fjármagna viðkomandi þróun.  
*Engar athugasemdir.*
8. **Tillaga um sameiginlega umsókn rekstrarleyfi á Island.is - Til kynningar - 2412016SA**  
Sviðsstjóri fór yfir tillögu stýrihóps um stafrænt samstarf, er varðar sameiginlega umsókn fyrir rekstrarleyfi fyrirtækja inni á island.is.  
  
Reykjavíkurborg fagnar þessari tillögu enda hefur þar lengi verið kallað eftir staðlaðri umsókn um rekstrarleyfi. Reykjavíkurborg hefur yfirfarið ferlið hjá borginni og er tilbúið að deila því inn í komandi vinnu.  
*Engar athugasemdir.*
9. **Önnur mál - 2212016SA**  
Umræða var um nýfallinn dóm Hæstaréttar um stafrænu kennslulausnina Seesaw sem Persónuvernd gerði athugasemdir við hjá Reykjavíkurborg. Hæstiréttur felldi úr gildi að hluta ákvörðun Persónuverndar og taldi að ekki væri efni til að gera Reykjavíkurborg sekt vegna efnislegra annmarka og ágalla á stjórnsýslulegri meðferð.  
  
Stafrænt ráð ræddi hvort Sambandið gæti tekið frumkvæði varðandi kröfu á Persónuvernd um að sinna betur leiðbeiningaskyldu sinni sem opinber stofnun og veitt sveitarfélögum frekari aðstoð við innleiðingu og mat á stafrænum kennslulausnum.  
  
Næst fór sviðsstjóri yfir bréf frá Kópavogsbæ sem barst deginum áður. Þar

með tilkynnti Kópavogsbær að frá og með janúar 2025 mun sveitarfélagið ekki taka þátt í að fjármagna starf stafræns teymis Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Þessi ákvörðun var tekin með samþykkt fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2025, en ekki er gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins.

Fundi var slitið kl. 9:43